

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - október 2002

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu tíu mánuði ársins. Uppgjörð hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 14,4 milljarða króna samanborið við 1,2 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Hins vegar var þessi breyting að mestu séð fyrir í áætlun ársins, þar sem staða á handbæru fé frá rekstri er aðeins 3,6 milljörðum lakari en gert var ráð fyrir. Frávikið má alfarið rekja til minni tekna af sölu eigna. Fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 7,1 milljarð króna í stað 0,8 milljarða neikvæðrar stöðu í fyrra. Þar munar mestu um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands í júní sl., en innstreymi vegna hlutafjárstölu nam um 5 milljörðum króna. Auk þess hækka innheimtar afborganir um 3,1 milljarða frá sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 191 milljarði króna og hækkuðu um 9,5 milljarða frá fyrra ári, eða um rúmlega 5%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka mun minna, eða um 3,3%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu eigna.

Greidd gjöld nema 202,1 milljarði króna og hækka um 19,4 milljarða frá fyrra ári, eða um 10,6%. Miðað við fjárheimildir ársins eru gjöldin hins vegar 4,9 milljörðum umfram það sem ætlað var, eða 2,5%. Útgjöld til félagsmála (þ.m.t. heilbrigðis- fræðslumál og almannatryggingar) eru 124,3 milljarðar, en þau vege 62% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála, sem nema 51,4 milljörðum króna og hækka um 6,2 milljarða króna frá fyrra ári. Þá nema greiðslur til almannatrygginga um 39,1 milljarði og hækka um 3,9 milljarða króna. Greiðslur til atvinnumála eru 30,1 milljarður og hækka um 1 milljarð, eða tæp 4% frá fyrra ári. Vaxtagreiðslur eru 17 milljarðar og hækka um 1,1 milljarð króna milli ára.

### **Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október** (Í milljónum króna)

	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Innheimtar tekjur.....	132.616	153.208	168.973	181.448	190.965
- Sala eigna.....	-648	-389	-38	2	-3.252
Greidd gjöld.....	131.227	141.940	158.594	182.677	202.111
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>742</b>	<b>10.882</b>	<b>10.341</b>	<b>-1.227</b>	<b>-14.398</b>
<b>Fjármunahreyfingar.....</b>	<b>4.582</b>	<b>3.039</b>	<b>-955</b>	<b>-888</b>	<b>7.054</b>
<b>Hreinn lánsfjárfnuður.....</b>	<b>5.324</b>	<b>13.921</b>	<b>9.384</b>	<b>-2.115</b>	<b>-7.346</b>
<b>Afborganir lána.....</b>	<b>-25.086</b>	<b>-26.289</b>	<b>-34.117</b>	<b>-22.294</b>	<b>-28.557</b>
Innanlands.....	-15.272	-12.887	-20.583	-7.490	-10.598
Erlendis.....	-9.814	-13.402	-13.534	-14.804	-17.959
<b>Greiðslur til LSR og LH.....</b>	<b>0</b>	<b>-2.639</b>	<b>-5.000</b>	<b>-11.250</b>	<b>-7.500</b>
<b>Lánsfjárfnuður. brúttó.....</b>	<b>-19.761</b>	<b>-15.007</b>	<b>-29.730</b>	<b>-35.660</b>	<b>-43.403</b>
<b>Lántökur.....</b>	<b>18.001</b>	<b>9.601</b>	<b>28.710</b>	<b>64.105</b>	<b>43.464</b>
Innanlands.....	20.834	-2.994	6.967	12.279	11.367
Erlendis.....	-2.832	12.595	21.743	51.826	32.097
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....</b>	<b>-1.760</b>	<b>-5.404</b>	<b>-1.022</b>	<b>28.448</b>	<b>61</b>

Lántökur ríkissjóðs námu 43,5 milljörðum króna á fyrstu tíu mánuðum ársins. Þar af nema erlend langtímalán 34,4 milljörðum króna en þau voru tekin til endurfjármögnunar erlendra lána og til þess að mæta tímabundinni greiðslufjárförf ríkissjóðs innan ársins. Á móti dregur úr erlendum skammtímalánum um 2,3 milljarða. Lántökur innanlands námu 11,4 milljörðum króna. Á móti lántökum vege afborganir að fjárhæð

28,6 milljarðar króna. Þá voru 7,5 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs er nú í jafnvægi, samanborið við 28,4 milljarða jákvæða stöðu á sama tíma í fyrra.

### Tekjur ríkissjóðs janúar-október (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
<b>Skatttekjur í heild.....</b>	<b>157.170</b>	<b>168.632</b>	<b>174.113</b>	<b>16,0</b>	<b>10,8</b>	<b>7,3</b>	<b>3,3</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað.....</b>	<b>44.073</b>	<b>53.397</b>	<b>54.509</b>	<b>19,8</b>	<b>20,9</b>	<b>21,2</b>	<b>2,1</b>
Tekjuskattur einstaklinga.....	33.976	39.782	43.016	18,5	15,3	17,1	8,1
Tekjuskattur lögaðila.....	5.789	7.867	4.685	33,4	20,9	35,9	-40,4
Skattur á fjármagnstekjur.....	4.308	5.748	6.808	10,8	97,3	33,4	18,4
<b>Tryggingagjöld.....</b>	<b>15.555</b>	<b>17.333</b>	<b>18.789</b>	<b>6,9</b>	<b>8,6</b>	<b>11,4</b>	<b>7,6</b>
<b>Eignarskattar.....</b>	<b>7.670</b>	<b>8.422</b>	<b>8.452</b>	<b>6,3</b>	<b>22,3</b>	<b>9,8</b>	<b>0,4</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu.....</b>	<b>89.446</b>	<b>88.997</b>	<b>91.995</b>	<b>16,8</b>	<b>5,9</b>	<b>-0,5</b>	<b>3,4</b>
Virðisaukaskattur.....	57.927	58.308	61.558	18,1	9,6	0,7	5,6
Aðrir óbeinir skattar.....	31.521	30.688	30.433	14,6	-0,2	-2,6	-0,8
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	4.411	2.611	2.401	27,0	-11,8	-40,8	-8,0
Vörugjöld af bensíni.....	6.462	6.294	6.274	7,3	4,8	-2,6	-0,3
Þungaskattur.....	3.660	3.952	3.828	11,9	2,3	8,0	-3,1
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	7.149	7.030	7.034	8,2	4,3	-1,7	0,1
Annað.....	9.839	10.801	10.896	19,7	-1,6	9,8	0,9
<b>Aðrir skattar.....</b>	<b>426</b>	<b>483</b>	<b>368</b>	<b>70,7</b>	<b>21,9</b>	<b>13,4</b>	<b>7,6</b>
<b>Aðrar tekjur.....</b>	<b>11.803</b>	<b>12.817</b>	<b>16.852</b>	<b>10,1</b>	<b>3,7</b>	<b>8,6</b>	<b>31,5</b>
<b>Tekjur alls.....</b>	<b>168.972</b>	<b>181.448</b>	<b>190.965</b>	<b>15,5</b>	<b>10,3</b>	<b>7,4</b>	<b>5,2</b>

### Gjöld ríkissjóðs janúar-október (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
<b>Almenn mál.....</b>	<b>17.856</b>	<b>18.690</b>	<b>22.049</b>	<b>10,6</b>	<b>13,6</b>	<b>4,6</b>	<b>18,0</b>
Almenn opinber mál.....	10.014	10.686	12.347	14,4	13,5	6,7	15,5
Löggæsla og öryggismál.....	7.843	8.004	9.702	6,0	13,9	2,1	21,2
<b>Félagsmál.....</b>	<b>95.428</b>	<b>110.589</b>	<b>124.259</b>	<b>7,3</b>	<b>8,6</b>	<b>15,9</b>	<b>12,4</b>
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	20.449	23.561	26.372	9,9	8,6	15,2	11,9
Heilbrigðismál.....	40.341	45.250	51.435	11,6	11,6	12,2	13,7
Almannatryggingamál.....	29.034	35.245	39.133	0,3	4,1	21,4	11,0
<b>Atvinnumál.....</b>	<b>24.867</b>	<b>29.071</b>	<b>30.142</b>	<b>12,5</b>	<b>5,5</b>	<b>16,9</b>	<b>3,7</b>
Þar af: Landbúnaðarmál.....	7.146	8.757	9.118	6,2	0,8	22,5	4,1
Samgöngumál.....	11.373	13.006	13.556	16,6	9,4	14,4	4,2
<b>Vaxtagreiðslur.....</b>	<b>14.683</b>	<b>15.910</b>	<b>16.969</b>	<b>-13,9</b>	<b>54,1</b>	<b>8,4</b>	<b>6,7</b>
<b>Aðrar greiðslur.....</b>	<b>5.756</b>	<b>8.421</b>	<b>8.688</b>	<b>68,0</b>	<b>8,9</b>	<b>46,3</b>	<b>3,2</b>
<b>Greiðslur alls.....</b>	<b>158.595</b>	<b>182.677</b>	<b>202.111</b>	<b>8,2</b>	<b>11,7</b>	<b>15,2</b>	<b>10,6</b>